

SAMNINGUR MILLI ARKITEKTS OG VERKKAUPA

[fyrirtæki/framleiðandi; kt; heimilisfang] (hér eftir nefnt Verkkaupi) og [Arkitekt/umboðsaðili; kt; heimilisfang] (hér eftir nefndur Arkitekt) gera með sér eftirfarandi samning um einkarétt á eftirfarandi verki [lýsing á verki]

Efni

1. Undir samkomulagið fellur verkið [*nafn hönnun/bygging/staður/verk*] (hér eftir nefnt verk).

Framkvæmd verks:

2. Arkitekt tekur að sér að eftirfarandi verk/hönnun fyrir Verkkaupa sem felst í [*stutt hönnunar- og verklýsing*]. Nánari lýsing hönnunar/verks er í fylgiskjali með samningnum [*sbr. skrifleg verkþáttaáætlun, teikningar, kort ofl.*]
3. Verkkaupi hefur heimild til að fylgjast með framvindu verks, sbr. verkþáttaáætlun, og að því leyti sem annars verður við komið.

Afhending hönnunar/verks

4. Afhending verks fer fram við verklok [*dags.*]
5. Tafir sem á engan hátt má rekja til hegðunar eða sakar arkitekts, eru vegna ástæðna þriðja aðila, eru óumflýjanlegar, geta breytt afhendingardegi og skal þá arkitekt tilkynna Verkkaupa það með nægilegum fyrirvara.

Efni samnings

6. Virða skal sæmdarrétt arkitekts og ekki breyta verki né afbaka að skert geti höfundarheiður hans eða sérkenni. Einnig skal virða nafngreiningarrétt arkitekt og ávallt nafngreina hann þegar við á, sbr. 4. gr. höfundalaga nr. 72/1973.
7. Ekki þarf samþykki arkitekts vegna breytinga sem teljast nauðsynlegar við venjulegt viðhald, eða breytingar sem einungis teljast tæknilegar útfærslur verks.
8. Ef verkkaupi hyggst síðar meir gera viðbætur/viðbyggingu skal hann bera slíkar breytingar undir arkitekt og gefa honum færi á að andmæla ef ástæður þykja. Andmæli arkitekt skal verkkaupi taka slíkt til skoðunar, upp að sanngjörnu marki.
9. Allar aðrar breytingar þurfa samþykki arkitekts og skulu gerðar í samráði við hann og með hans viðveru, verði því komið við og leiða þær þá til nýs samkomulags og greiðslna.
10. Arkitekt skuldbindur sig til þess að vinna við þær breytingar sem krefjast viðveru hans á sanngjörnum kjörum.

11. Arkitekt er enn fremur óheimilt að neita að verða að óskum verkkaupa um breytingar á hönnun/verki nema réttmætar ástæður liggi þar að baki.
12. Aðilum er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila, hvort sem er að hluta eða í heild nema með skriflegu samþykki gagnaðila.

Verkgreiðsla og uppgjör

13. Verkkaupi greiðir arkitekt sem fullnaðargreiðslu fyrir verk og réttindi tengd því að fjárhæð [*upphæð*] að því tilskyldu að arkitektinn uppfylli allar skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Greiðslur skulu greiddar á eftirfarandi hátt:
 - a. [*upphæð/dags.*]
 - b.
 - c. [*upphæð/dags. lok hönnunar/verks*]

Hugverkaréttur

14. Arkitekt er höfundur verks og nýtur þeirrar verndar og þeirra réttinda sem kveðið eru á um í íslenskum höfundalögum nr. 72/1973.
15. Arkitekt er ekki heimilt að nota verkið eða endurgera það, nema í samráði við Verkkaupa, nema er varðar notkun vegna kynningar í ferilskrá og á heimasíðu arkitektar, eða öðrum almennum persónulegum vettvangi arkitektsins, enda sé sú notkun ekki í fjárhagslegum tilgangi.
16. Arkitekt ábyrgist að hann noti ekki og muni ekki nota hugverk þriðja aðila við vinnu sína fyrir Verkkaupa, nema fyrir liggi skýr framsalgerningur um notkun hugverksins á milli þriðja aðila og Verkkaupa eða arkitekts. Arkitekt skal halda Verkkaupa skaðlausum af öllum kröfum þriðja aðila sem rísa kynnu vegna brota hönnuðar á hugverkarétti þriðja aðilar.
17. Hyggist arkitekt nota hugverk þriðja aðila eða Verkkaupa við hönnun, skal arkitekt tilkynna Verkkaupa það fyrirfram.
18. Öll vinnslugögn vegna verks eða önnur fylgiskjöl eða hlutir þess eru eign Arkitekts en Verkkaupi hefur aðgang að þeim eins og nauðsynlegt er. Afritun eða frekari eintakagerð, stafræn sem og hliðræn er óheimil nema í samráði við arkitekt.

Riftun og vanefndir

19. Ef Verkkaupi vanefnir samkomulagið getur arkitekt hætt framkvæmd við verk þangað til vanefnd hættir og/eða krafist þess að Verkkaupi hætti allri framleiðslu, markaðssetningu og dreifingu á afurðum tengdum hönnuninni/verkinu og allri annarri notkun byggða á hönnuninni/verkinu.
20. Að auki getur Arkitekt krafist dagsekta vegna vanefnda verkkaupa ef verkkaupi notar hönnun eftir að arkitekt hefur farið fram á að notum verði hætt.
21. Ef Arkitekt vanefnir samkomulagið getur Verkkaupi haldið eftir greiðslu og þóknun til arkitektar þangað til vanefndum er hætt.

22. Veruleg og ítrekuð vanefnd getur einnig leitt til riftunar samkomulagsins. Riftunin tekur þá gildi 30 dögum eftir að skrifleg tilkynning um hana berst.

Niðurlag

23. Þetta samkomulag er gert af vitund beggja aðila, er heildstætt og verður ekki breytt nema með skriflegu samþykki beggja aðila.
24. Ef aðilar verða ósammála um einhver atriði samkomulagsins skal reka mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Undirritun og eintök samnings.

25. Öllu framanrituðu til staðfestu rita Verkkaupi og arkitekt nöfn sín undir samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.
26. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Dagsetning og staður

Verkkaupi

Hönnuður

Vitundarvottar að rétttri
dagsetningu og undirskriftum aðila

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala